



Reykjavík – 2
Leyfi nr. 196

Fast gjald pungaskatts

Gjaldtímabil, gjalddagi-eindagi

Fast gjald pungaskatts er greitt fyrirfram. Fyrri gjaldtímabil ársins 2001 er frá 1. janúar til 30. júní með gjalddaga 1. janúar en eindaga 15. febrúar.

Lækkun eða endurgreiðsla á föstu gjaldi

- Við innlögn númera hjá Skráningarstofunni hf er pungaskattur felldur niður fyrir þann tíma sem eftir lifir af gjaldtímabilinu frá þeim degi sem númer eru lögð inn. Þegar númer eru tekin út aftur er pungaskattur lagður á fyrir þann tíma sem eftir er af gjaldtímabili. Athygli skal vakin á því að utan höfuðborgarsvæðisins er hægt að leggja skráningarmerki inn til geymslu á pósthúsum Íslandspósts.
- Þegar ökutæki er flutt tímabundið úr landi skal lækka eða endurgreiða pungaskatt að rétttri tiltölu ef framvísað er útflutnings- og innflutningsskýrslum því til sönnunar.
- Hafi ökutæki verið til viðgerðar á löggiltu verkstæði í a.m.k. 30 daga samfelld er heimilt að lækka pungaskatt. Í þessu tilfelli er þó ekki heimilt að fella niður meira en sem svarar gjaldi fyrir 30 daga. Ef talið er að viðgerð muni taka lengri tíma er ráðlegt að leggja skráningarmerkin inn.

- Þegar ökutæki er afskráð er pungaskattur felldur niður/endurgreiddur í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gjaldtímabili.
- Þegar öikumælir er settur í bifreiðina fellur fast gjald pungaskatts niður frá og með þeim degi. Þegar ökutæki fer af mæli ber að greiða fastgjald pungaskatts frá og með þeim degi.

Fast gjald - mælagjald

Til áréttingar skal bent á að skv. 4. mgr. A- liðar 4. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, ásamt síðari breytingum, gildir skráning ökutækis í skattflokk í ár í senn, þ.e. sami eigandi getur ekki breytt úr föstu gjaldi í mælagjald nema að a.m.k. ár líði á milli skattflokkaþreyinga.

Eigendaskipti

- Eigendaskipti geta ekki farið fram nema gjaldfallinn pungaskattur sé greiddur. Ekki skiptir máli í þessu tilfelli þó eindagi sé ekki kominn.
- Seljandi og kaupandi gera upp fast gjald pungaskatts sín á milli við eigendaskiptin.

Gjaldskrá

Ákvörðun um fjárhæð þungaskatts fer eftir eigin þyngd ökutækis. Leigubifreiðar, sendibifreiðar með löggilta gjaldmæla, sendibifreiðar á vsk-númerum og hópþifreiðar I sem nýttar eru í atvinnurekstri greiða 25% hærra gjald en bifreiðar í almennri notkun.

Fast gjald þungaskatts (árgjald)

| Eigin þyngd bifreiðar kg | Pungaskattur kr. | Eigin þyngd bifreiðar kg | Pungaskattur kr. |
|-----------------------------|---------------------|-----------------------------|---------------------|
| Allt að 1.000 | 94.273 | 2.800-2.999 | 179.285 |
| 1.000-1.499 | 113.163 | 3.000-3.199 | 187.261 |
| 1.500-1.999 | 139.409 | 3.200-3.399 | 195.236 |
| 2.000-2.199 | 147.384 | 3.400-3.599 | 203.212 |
| 2.200-2.399 | 155.359 | 3.600-3.799 | 211.187 |
| 2.400-2.599 | 163.335 | 3.800-3.999 | 219.162 |
| 2.600-2.799 | 171.310 | | |

Fast gjald þungaskatts (árgjald) með 25% viðbótarlagningu

| Eigin þyngd bifreiðar kg | Pungaskattur kr. | Eigin þyngd bifreiðar kg | Pungaskattur kr. |
|-----------------------------|---------------------|-----------------------------|---------------------|
| Allt að 1.000 | 117.841 | 2.800-2.999 | 224.107 |
| 1.000-1.499 | 141.454 | 3.000-3.199 | 234.076 |
| 1.500-1.999 | 174.261 | 3.200-3.399 | 244.045 |
| 2.000-2.199 | 184.230 | 3.400-3.599 | 254.015 |
| 2.200-2.399 | 194.199 | 3.600-3.799 | 263.984 |
| 2.400-2.599 | 204.168 | 3.800-3.999 | 273.953 |
| 2.600-2.799 | 214.138 | | |

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna ýmsan fróðleik um þungaskatt.
Slóðin er: www.rsk.is

GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA

SÍMI 563 1100 · FAX 563 1290